



HAFNARFJÖRÐUR

Grindavíkurbær
Víkurbraut 62, 240 Grindavík

Hafnarfirði, 11.05.2020

Efni: Aðalskipulag Grindavíkur 2018 – 2032 - umsögn

Um vatnsverndarsvæði við Fagradal

Í greinargerð með aðalskipulagi Grindavíkur 2018 - 2032 vantar staðfestingu á að skilgreint vatnsverndarsvæði við Fagradal er mögulegt framtíðarvatnsból Hafnfirðinga.

Árið 2008 veitti iðnaðarráðherra Vatnsveitu Hafnarfjarðar rannsóknarleyfi í samræmi við 4. grein laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Með útgáfu þess leyfis veitir iðnaðarráðherra leyfishafa jafnframt fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 57/1998.

Vatnsveita Hafnarfjarðar lét bora 5 rannsóknarholur í Fagradal 2006 og 2007 og útlit er fyrir að svæðið henti vel til vatnsöflunar. Því var sótt um nýtingarleyfi til Orkustofnunar árið 2012 en af ýmsum ástæðum hefur málið tafist. Vatnsveita Hafnarfjarðar hefur hug á að halda áfram með rannsóknir og mælingar í Fagradal með vatnsöflun að markmiði.

Um eignarhald og jarðhitaréttindi

Hafnarfjarðarbær er eigandi að jarðhitaorku í eftirtöldum háhitasvæðum. Brennisteinsfjöllum, hluta af Trölladyngju, Sveifluhálsi og Austurengjum. Fimmta svæðið, sem kennt er við Sandfell er við vestur mörk Krísuvíkur en jarðeðlisfræðileg gögn benda til þess að svæðið sé tengt Sveifluhálsi og öll svæðin virðast geta tengst innbyrðis. Brennisteinsfjöll tengjast þó ekki Krísuvíkursvæðunum.

Saga eignarhalds á Krýsuvíkurlandinu á sér langa sögu en íslenska ríkinu var heimilað með lögum nr. 11/1936 að taka jarðirnar Krísuvík og Stóra-Nýjabæ eignarnámi. Matsnefndin ákvað landamerki hins selda lands og var það selt samkvæmt þeim



HAFNARFJÖRÐUR

mörkum árið 1941. Hið selda land (Krísuvíkurtorfan) afmarkaðist af eftirfarandi landamerkjum:

„Að vestan, beina stefnu í norður úr Hælsvík í Borgarhól, þar sem hann er hæstur, úr Borgarhóli eftir Sveifluhálsi í vestustu vík Kleifarvatns, að ber í ysta odda Hvammholtstanga. Að norðan ræður Kleifarvatn, í syðsta odda víkur þeirrar, er gengur úr vatninu vestan við Geithöfða og að austan þaðan beina stefnu í rjettvísandi suður til sjávar, í Keflavík. Að sunnan ræður sjór þó þannig, að óhindraður umferðarréttur áskilst Gullbringusýslu fyrir búpening og til annarrar umferðar, um svæði upp frá sjó, er sé a.m.k. 60 metrar á breidd, enda séu engar girðingar eða umferðarhindranir á þeirri leið.“

Hafnarfjarðarkaupstaður fékk einnig eignarráð yfir hitaveituréttindum í allri Krísuvíkurtorfunni og aðstöðu til að notfæra sér þau, líka afnot af Kleifarvatni, svo og allan veiðirétt í vatninu. Einnig fékk Hafnarfjörður í hendur þau réttindi og skyldur sem fylgdu ítökum Krísuvíkurtorfunnar í annarra manna löndum og ítökum annarra í löndum Krísuvíkurtorfunnar. Utan svæðisins er því áskilinn réttur bæjarins til þeirra athafna sem nauðsynlegar eru til vinnslu jarðhitans. Það land er hins vegar að öðru leyti í eigu ríkisins og í lögsögu Grindavíkur.

Á Krísuvíkurtorfunni er greint á milli neðangreindara jarðhitasvæða:

Brennisteinsfjöll. Jarðhitaréttindin eru að hluta í eigu Hafnarfjarðar, en eru í lögsögu Grindavíkur og sveitarfélagsins Ölfuss.

Krísuvík sem skipt er í neðangreind undirsvæði:

Austurengjar, að fullu í eigu Hafnarfjarðarbæjar og innan bæjarlandsins að öllu leyti.

Sveifluháls, að fullu í eigu Hafnarfjarðarbæjar og að hluta innan bæjarlandsins.


Trölladyngja, að hluta í eigu bæjarins á móti bæjum á Vatnsleysuströnd og HS Orku, í lögsögu Grindavíkur og Sveitarfélagsins Voga.

Sandfell, í lögsögu Grindavíkur og Sveitarfélagsins Voga.



HAFNARFJÖRÐUR

Á meðfylgjandi korti sjást mörk jarðanna í Krýsuvík og háhitasvæðin eins og þau eru talin vera.



Að öðru leyti en að ofan greinir er vísað í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 og þá sérstaklega umfjöllunar um Reykjanesfólkvang (bls. 70), um Krýsuvík (bls 160) og um orkuvinnslu (bls. 170).

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar,
